LÖG

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Stofn til álagningar útsvars skal vera hinn sami og tekjuskattsstofn, sbr. ákvæði 1. og 3. tölul. 62. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ákvæði 62.–65. gr. laga nr. 75/1981 skulu gilda um ákvörðun útsvarsstofns eftir því sem við getur átt.

Lækki skattstjóri tekjuskattsstofn samkvæmt ákvæðum 66. gr. laga nr. 75/1981 skal útsvarsstofn lækka um sömu fjárhæð.

2. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 75/1981, skal vera 2% af útsvarsstofni.

3. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Sá hundraðshluti af tekjum, sem innheimtur er jafnóðum til greiðslu útsvars hvers árs, sbr. lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal ákveðinn í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur. Skal hann áður leita tillagna Sambands íslenskra sveitarfélaga og taka tillit til áforma sveitarstjórna um útsvarsálagningu á komandi ári, en reglugerðin skal gefin út fyrir 15. nóvember ár hvert og taka gildi 1. janúar næstan á eftir.

Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir hvert almanaksár ákveður sveitarstjórn hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári. Að lokinni afgreiðslu fjárhagsáætlunar skal tilkynna ríkisskattstjóra um ákvörðun sveitarstjórnar.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var við gerð fjárhagsáætlunar ársins um allt að 10% að fengnu samþykki félagsmálaráðherra. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng og fullnægt er skilyrðum 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins.

Tilkynning um breytingar á útsvari skv. 3. og 4. mgr. skal senda skattstjóra og ríkisskattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

4. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu álagðs útsvars þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en skattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um

lækkun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað, fellt niður eða endurgreitt álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum viðkomandi manna, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra, ríkisskattstjóra og viðkomandi manns.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

5. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara að svo miklu leyti sem hún er ekki sérstaklega falin öðrum samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Hver gjaldandi skal á tekjuárinu inna af hendi bráðabirgðagreiðslu upp í útsvar samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þeir gjaldendur, sem reynast skulda útsvar að lokinni álagningu opinberra gjalda, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, skulu greiða það sem vangoldið er á þeim gjalddaga eða gjalddögum sem sveitarstjórn ákveður.

Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldanda fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé útsvar hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á útsvari sínu fyrir brottför af landinu.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður með úrskurði eða dómi skal endurgreiðsla þegar fara fram.

6. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Útsvör skulu greidd á tekjuári skv. lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eftir því sem við á. Greiðslur á tekjuári eru til bráðabirgða, en endanleg álagning fer fram eftir á og getur því komið til endurgreiðslu eða viðbótarkröfu frá sveitarsjóði.

Endurgreiðsla sveitarsjóðs skal innt af hendi í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, en gjaldendur skulu greiða viðbótarkröfu sveitarsjóðs um útsvar í samræmi við ákvæði 3.–7. mgr. 29. gr. Ákvæði 2. mgr. 121. gr. laga nr. 75/1981 um verðbætur skulu eiga við um endurgreiðslur eða viðbótarkröfur þær sem hér um ræðir. Um innheimtu, dráttarvexti og innheimtuúrræði gilda ákvæði þessara laga.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981, eru skyldir að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar endanlega álögðu útsvari þeirra. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 43. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til sveitarstjórnar.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

7. gr.

34. og 35. gr. laganna falli niður og greinatala breytist til samræmis við það.

8. gr.

39. gr. laganna, sem verður 37. gr. þeirra, orðast svo:

Sveitarstjórn annast innheimtu aðstöðugjalda.

Aðstöðugjald skal greitt á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar hinn fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að aðstöðugjald skuli greiðast á einum eða tveimur gjalddögum, 15. júlí og 15. október.

Þar til álagning aðstöðugjalda liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í aðstöðugjald fjárhæð sem nema skal ákveðnum hundraðshluta af því aðstöðugjaldi sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðast fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts.

Álagt aðstöðugjald, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 3. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að aðstöðugjald gjaldanda í heild fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé aðstöðugjald gjaldanda hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Að öðru leyti skulu ákvæði 24., 28., 29., 32. og 33. gr. eiga við um álagningu og innheimtu aðstöðugjalda eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1988 og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1989 vegna tekna á árinu 1988. Ákvæði 3. gr. taka þó gildi 1. október 1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um innheimtu ógoldinna sveitarsjóðsgjalda, sem á hafa verið lögð fyrir 1. janúar 1988, skulu gilda innheimtuákvæði laga nr. 73 26. nóvember 1980, með breytingum sem gerðar hafa verið á þeim lögum, fram að gildistöku þessara laga. Sama á við um innheimtu útsvars sem á verður lagt á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987, sbr. ákvæði laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Alexander Stefánsson.